

Mennta- og menningarmálaráðuneytið  
b/t Ástu Magnúsdóttur, ráðuneytisstjóra  
[asta.magnusdottir@mrn.is](mailto:asta.magnusdottir@mrn.is)  
[karitas.gunnarsdottir@mrn.is](mailto:karitas.gunnarsdottir@mrn.is)  
[postur@mrn.is](mailto:postur@mrn.is)

Reykjavík, 28. maí 2013.

**Efni: Skýrsla um stjórnýslu fornleifarannsókna og fornleifaverndar á Íslandi 1990-2010**

Ragnheiður Traustadóttir, fornleifafræðingur, hefur leitað til Rökstóla lögmannsstofu og óskað eftir því að undirritaður gæti hagsmuna hennar vegna vinnslu, birtingar og umfjöllunar um skýrslu um stjórnýslu fornleifarannsókna og fornleifaverndar á Íslandi 1990-2010 (skýrsla).

Skýrslan var birt á heimasíðu mennta- og menningarmálaráðuneytisins (ráðuneyti) þann 22. maí 2013 og dreift að einhverju marki með tölvupósti af hálfu starfsmanna ráðuneytisins. Þannig var upplýsingum um skýrsluna dreift á safnlista safnamanna, en þar er um að ræða vettvang fagaðila á starfsvettvangi umbjóðanda míns.

Í framhaldi af birtingu skýrslunnar á heimasíðu ráðuneytisins hefur verið fjallað um hana í fjölmiðlum, s.s. í Kastljósi og fréttum ríkissjónvarpsins þann 27. maí 2013.

Að mati umbjóðanda míns hefur skýrslan að geyma rangfærslur um störf hennar sem eru til þess fallnar að valda henni álitshnekki og fjártjóni.

Sérstaklega skal tekið fram að aldrei var leitað til umbjóðanda míns varðandi upplýsingar eða sjónarmið, hvorki á meðan unnið var að skýrslunni eða áður en hún var birt. Verður ekki séð að slíkt samrýmist meginreglum stjórnýsluréttar um vandaða málsmeðferð eða góða stjórnýsluhætti.

Með hliðsjón af framangreindu er, að svo stöddu, óskað eftir eftirfarandi gögnum og upplýsingum frá ráðuneytinu:


1. Á hvaða lagagrunni er skýrslan unnin?
2. Á hvaða lagagrunni er skýrslan birt?

3. Óskað er eftir afriti af erindisbréfi höfundar eða öðru efnislega sambærilegu skjali sem lýsir afmörkun verkefnis og umboði skýrsluhöfundar.
4. Óskað er eftir afstöðu ráðuneytisins til sérstaks hæfis skýrsluhöfundar til að vinna hlutlæga umfjöllun um efni skýrslunnar með hliðsjón af meginreglum stjórnsýsluréttar um vandaða málsmeðferð og góða stjórnsýsluhætti.
5. Óskað er eftir afriti af öllum gögnum í vörslu ráðuneytisins er varða ritun, vinnslu birtingu og dreifingu skýrslunnar.
6. Óskað er eftir upplýsingum um fyrirætlan ráðuneytisins varðandi skýrsluna.
7. Óskað er eftir afstöðu ráðuneytisins til þess að aldrei var leitað eftir upplýsingum frá umbjóðanda mínum eða eftir sjónarmiðum hennar við vinnslu skýrslunnar.
8. Óskað er upplýsinga um það af hverju umrædd skýrsla hefur verið fjarlægð af vef ráðuneytisins.<sup>1</sup>

Farið er fram á að erindi þessu verði svarað hið fyrsta og eigi síðar 4. júní n.k. Umbjóðandi minn áskilur sér allan rétt gagnvart mennta- og menningarmálaráðuneytinu vegna skýrslunnar.

Erindi þetta er eingöngu sent á rafrænan máta nema óskað sé eftir öðrum sendingarhætti af hálfu ráðuneytisins.

Virðingarfyllst,



Jónas Fr. Jónsson, hdl.

---

<sup>1</sup> Skýrslan er hins vegar ekki horfin af veraldarvefnum en pdf. skjal hennar finnst með leit, t.d. með Google.